



### Fundargerð

Fimmtudaginn 29. júní 2023 var haldinn fundur í stjórn Félags- og skólaþjónustu A-Hún kl. 16.00. Notast var við fjarfundabúnaðinn Teams.

Á fundinn mættu stjórnarmennirnir: Ásdís Ýr Arnardóttir, Grímur Rúnar Lárusson, og Vignir Sveinsson varamaður. Fulltrúi Skagastrandar boðaði forföll og varamaður komst ekki í hans stað.

Auk þess sat fundinn Alexandra Jóhannesdóttir, framkvæmdastjóri byggðasamlagsins.

Formaður stjórnar, Ásdís Ýr Arnardóttir setti fundinn og stjórnaði honum. Framkvæmdastjóri ritaði fundargerð.

Formaður bar upp breytingartillögu í upphafi fundar og óskaði eftir því að eftirfarandi lið yrði bætt á dagskrá undir 3. lið – *Framkvæmdir í Hnitbjörgum og Ægisgrund*. Var tillagan borin upp til samþykktar og samþykkt samhljóða af fundarmönnum.

#### 1. Bakvaktir í barnavernd og heimilsofbeldismálum

Fyrir fundinum lá samantekt um breytingar á fyrirkomulagi vegna greiðslu bakvakta í barnavernd og heimilsofbeldismálum sem var áður til umfjöllunar á fundi stjórnar þann 14. júní 2023. Var afgreiðslu málsins frestað á síðasta fundi í ljósi þeirrar vinnu sem er í gangi hjá fagráði Barnaverndarþjónustu Mið-Norðurlands varðandi fyrirkomulag bakvakta á svæðinu.

Eftirfarandi tillögur voru lagðar fram af stjórnarformanni og bornar upp til afgreiðslu stjórnar:

##### Tillaga a)

Gert er tímabundið samkomulag við 4 starfsmenn Félags- og skólaþjónustu A-Hún. Greitt er fyrir álag á hverja unnan vinnustund á bakvakt, auk greiðslna fyrir útköll.

Samkomulagið tekur gildi 1. júlí 2023 og gildir til og með 30. september 2023.

Viðauki við gildandi fjárhagsáætlun er skv. þessari tillögu 3.183.180 kr

##### Afgreiðsla stjórnar:

Tillaga felld samhljóða með þremur greiddum atkvæðum. (ÁÝA, GRL, VS).

##### Tillaga b)

Gert er samkomulag við stjórnarformann og framkvæmdastjóra byggðasamlagsins um að standa bakvakt í júlí og ágúst ásamt tveimur starfsmönnum Félags- og skólaþjónustunnar.



## Félags- og skólabjónusta A- Hún

Tillöggunni fylgir ekki kostnaðarauki umfram það sem áætlað er í fjárhagsáætlun. Greitt er fyrir bakvakt sem hlutfall af fastri þókun 356.154 kr, hvern mánuð, auk greiðslna fyrir útköll (að lágmarki 4 klst í yfirvinnu).

Á tímabilinu verði unnið að framtíðarskipan í bakvakt barnaverndar og heimilisofbeldis á svæðinu.

### Afgreiðsla stjórnar:

Tillaga samþykkt samhljóða með þremur greiddum atkvæðum. (ÁÝA, GRL, VS).

Þá lagði stjórnarformaður fram eftirfarandi bókun sem samþykkt var að leggja fram samhljóða af stjórn:

Stjórn Félags- og skólabjónustu bs. leggur ríka áherslu á komið verði á samvinnu um bakvaktir í barnavernd og heimilisofbeldi á starfssvæði Barnaverndarþjónustu Mið – Norðurlands. Í dag er bakvakt á svæðinu að jafnaði betur mönnuð en bakvakt Lögreglustjórans á Norðurlandi vestra. Að mati stjórnar eykur núverandi fyrirkomulag á álag á tiltekna starfsmenn er sinna bakvakt barnaverndar og heimilisofbeldis á starfssvæði þjónustunnar auk þess að kostnaður sveitarfélaganna er meiri en þörf er á við mönnun vaktanna.

Stjórn leggur til við framkvæmdaráð Barnaverndarþjónustu Mið – Norðurlands að skilgreindar verði tvær bakvaktar, hvor um sig mönnuð af einum starfsmanni utan hefðbundins dagvinnutíma, annars vegar í Húnavatnssýslum austari og vestri og hins vegar í Skagafirði og Fjallabyggð. Bakvakt barnaverndar og heimilisofbeldis á að vera skilgreind sem neyðarþjónusta er fylgir útkallsbeiðnum lögreglu og Neyðarlínu. Í ljósi samstarfs undir hatti Barnaverndarþjónustu Mið – Norðurlands telur stjórnin eðlilegt að bakvakt barnaverndar- og heimilisofbeldis heyri þar undir.

## 2. Viðauki

Fyrir fundinum lá tillaga að viðauka við fjárhagsáætlun ársins vegna beiðni um breytingu á fyrirkomulagi í barnavernd, breytingu á launagreiðslum til félagsmálaráðs og hækkun á fjárhagsaðstoð. Var afgreiðslu viðauka frestað í ljósi afgreiðslu stjórnar á þeim tillögum sem lagðar voru fram vegna greiðslna fyrir bakvakt þar sem ekki mun koma til aukins kostnaðar á þessum tímapunkti.

## 3. Framkvæmdir í Hnitbjörgum og Ægisgrund

Fram kom að félagsmálastjóri hafi tilkynnt framkvæmdastjóra að það lægi fyrir að íbúð í Hnitbjörgum muni losna á næstu vikum. Gert var ráð fyrir því að ráðast í endurgerð á einni íbúð í Hnitbjörgum og einni íbúð að Ægisgrund á árinu. Var stjórn samhljóða sammála því að halda eigi áfram með þær framkvæmdir sem búið var að samþykkja í fjárhagsáætlun ársins og að taka þurfi lán fyrir framkvæmdunum. Var framkvæmdastjóra falið að vinna að málinu fram til næsta fundar. Framkvæmdastjóri upplýsti stjórn um að í samtali við Lánasjóð sveitarfélaga hafi komið fram að það sé fyrirhugað að boðið verði upp á lán á breytilegum vöxtum með uppgreiðsluheimild í haust en í dag er aðeins í boði að taka lán á föstum vöxtum til 2055 og



## Félags- og skólajónusta A- Hún

---

með uppgreiðsluheimild árið 2035 og 2045. Það er því mat framkvæmdastjóra að það sé rétt að fresta lántöku þar til þær breytingar liggja fyrir.

### 4. Önnur mál

Stjórn þakkar Berglindi Hlín Baldursdóttir kærlega fyrir vel unnin störf síðasta starfsárið en hún hefur sinnt starfi fræðslustjóra í námsleyfi Þórdísar Hauksdóttur. Berglind lætur af störfum fyrir byggðasamlagið 1. ágúst næstkomandi. Er henni óskað velfarnaðar á nýjum starfsvettvangi.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 16:50.

Ásdís Ýr Arnardóttir

Alexandra Jóhannesdóttir

Grímur Lárusson

Vignir Sveinsson